



Fundargerð

11. fundur stjórnar Markaðsstofu Suðurlands kl. 10:30 föstudaginn 17. apríl 2020, sem er fjarfundur að þessu sinni.

Boðaðir:

Dagný H. Jóhannsdóttir, framkvæmdastjóri Markaðsstofu Suðurlands
Björg Árnadóttir, fulltrúi Visit South Iceland ehf
Kristín Jóhannsdóttir, fulltrúi Ferðamálasamtaka Suðurlands
Grétar Ingi Erlendsson, fulltrúi Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga
Kristín Ýr Hrafnkelsdóttir, fulltrúi Ferðamálasamtaka Suðurlands
Ólafur Páll Vignisson, fulltrúi Ferðamálafélags Austur-Skaftafellssýslu
Ragnhildur Sveinbjarnardóttir, verkefnastjóri Markaðsstofu Suðurlands
Ása Valdís Árnadóttir, fulltrúi Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga
Eva Björk Harðardóttir – áheyrnarfulltrúi Samtaka Sunnlenskra Sveitarfélaga

Forfallaðir:

Eva Björk Harðardóttir – áheyrnarfulltrúi Samtaka Sunnlenskra Sveitarfélaga

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Ragnhildur Sveinbjarnardóttir.

Dagskrá:

Umræða um nýtt fjármagn frá Ferðamálastofu

Framkvæmdastjóri segir frá fjármagni, sem eftir var í verkefnasjóði, sem Ferðamálastofa er nú í ljósi aðstæðna að úthluta til Markaðsstofanna. Fjármagnið er ekki bundið við sértæk verkefni heldur ætlað til að Markaðsstofan geti stutt við fyrirtæki á starfssvæðinu.

Framkvæmdastjóri leggur til 3 leiðir:

- 1) Fari beint inn í reksturinn og komi til móts við lækkuð aðildargjöld
- 2) Fari í að lækka aðildargjöld
- 3) Fari í að efla virði markaðsstofunnar fyrir ferðaþjónustufyrirtækin með því að koma upp efnisbanka sem aðildarfyrirtækin geta leitað í og notað til að kynna sína þjónustu og landshlutann þar með.

Umræða fór fram meðal stjórnarmeðlima um kosti og galla hverrar leiðar og framkvæmdastjóra falið að vinna tillögur áfram.

Umræða um innanlandsátak

Framkvæmdastjóri kynnir grunn að innanlandsátakinu sem Ferðamálastofa er að vinna ásamt auglýsingastofunni Brandenburg. Fundur verður haldinn næstkomandi mánudag með Ferðamálastofu um hlutverk Markaðsstofanna í áttakinu.

Fundi slitið kl. 11:30